

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 453/2008

2014/EES/54/90

frá 23. apríl 2008

um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 8. desember 2003 samþykkti ráðið að þróa og birta grunnhagvísu varðandi laus störf.
- 2) Í aðgerðaáætluninni um hagskýrsluþörf EMU, sem ráðið staðfesti 29. september 2000, og framvinduskýrslu framkvæmdarinnar, sem fylgdi í kjölfarið, er það talið forgangsverkefni að leggja drög að lagalegum grundvelli undir hagtölur um laus störf.
- 3) Atvinnumálanefndin, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2000/98/EB ⁽⁴⁾, samþykkir að þörf er fyrir vísu um laus störf til þess að hafa eftirlit með evrópsku vinnumálaáætluninni sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 2005/600/EB frá 12. júlí 2005 um viðmiðunarreglur aðildarríkjanna í atvinnumálum ⁽⁵⁾.
- 4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á fót áætlun Bandalagsins „Framvindu“ um atvinnumál og félagslega samstöðu ⁽⁶⁾ er kveðið á um fjármögnun viðeigandi aðgerða, þ.m.t., eins og fram kemur í áætluninni, aðgerðir sem ætlaðar eru til að auka skilning á aðstæðum og horfum á vinnumarkaði, einkum með greiningu og rannsóknum og með þróun hagtalna og sameiginlegra vísa innan ramma evrópsku vinnumálaáætlunarinnar.

- 5) Framkvæmdastjórnin hefur, innan ramma evrópsku vinnumálaáætlunarinnar, þörf fyrir sundurliðaðar upplýsingar um laus störf, m.a. eftir atvinnugreinum, til þess að fylgjast með og greina stig og samsetningu eftirspurnar eftir vinnuafli.
- 6) Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu hafa þörf fyrir aðgengileg ársfjórðungsgögn um laus störf til þess að fylgjast með skammtímabreytingum að því er varðar laus störf. Árstíðaleiðréttar upplýsingar um laus störf auðvelda túlkun á breytingum eftir ársfjórðungum.
- 7) Gögn, er varða laus störf, eiga að vera viðeigandi og tæmandi, nákvæm og ítarleg, tímanleg, samfelld, samanburðarhæf og aðgengileg notendum.
- 8) Vega skal og meta ávinning af því að taka saman tæmandi gögn um alla þætti hagkerfisins á vettvangi Bandalagsins með tilliti til þess hvaða möguleikar eru á að koma þeim til skila og fyrirhafnar svarenda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 9) Leggja skal sérstaka áherslu á að hagskýrslurnar nái svo fljótt sem auðið er yfir öll gögn er varða einingar með færri en 10 starfsmenn.
- 10) Til þess að ákveða umfang hagtalna, sem taka skal saman, og þá sundurliðun eftir atvinnugreinum sem er krafist er nauðsynlegt að nota þá útgáfu atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE) sem nú er í gildi.
- 11) Við gerð og miðlun á hagtölum Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð eiga hagskýrslufyrirvöld Bandalagsins og einstakra landa að taka mið af meginreglum evrópskra reglna um starfsvenjur á sviði hagsskýrslna, sem samþykktar voru af hálfu hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽⁷⁾, 24. febrúar 2005 og sem fylgja tilmælum framkvæmdarstjórnarinnar um óhæði, trúverðugleika og rekjanlega ábyrgð hagskýrslufyrivalda í Bandalaginu og í einstökum löndum.
- 12) Mikilvægt er að gögnum sé deilt með aðilum vinnumarkaðarins bæði í einstökum ríkjum og innan Bandalagsins og að aðilar vinnumarkaðarins séu upplýstir um innleiðingu þessarar reglugerðar. Enn fremur skulu aðildarríkin leggja sérstaka áherslu á að tryggja að fyrirtæki, sem starfa við náms- og starfsráðgjafajöfnustu, og starfsmenntastofnanir fái þessi gögn í hendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 234. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 124/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, 18.12.2008, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 175, 27.7.2007, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 86, 20.4.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 29. febrúar 2008.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 29, 4.2.2000, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 21.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 13) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽¹⁾ er settur almennur lagarammi um hagskýrslugerð Bandalagsins og á hún því við um hagtölur um laus störf.
- 14) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.
- 15) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt vald til þess að skilgreina tiltekin hugtök, ákvarða viðmiðunardagsetningar, snið og skilafrest, setja ramma fyrir hagkvæmnirannsóknina og gera ráðstafanir í samræmi við niðurstöður þeirra rannsókna. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og ætlaðar til úrbóta á einstökum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með viðbótum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 16) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. gerð hagskýrslna Bandalagsins um laus störf, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 17) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til reglubundinnar ársfjórðungslegrar hagskýrslugerðar um laus störf.

2. Hvert aðildarríki leggur gögn fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) um laus störf, a.m.k. vegna rekstrareininga sem hafa einn starfsmann eða fleiri.

Með fyrirvara um 3.mgr. skulu gögnin taka til allrar starfsemi sem tilgreind er í sameiginlega flokkunarkerfinu í núgildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, að frátöldum atvinnurekstri innan heimilis og starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt. Hvort gögnin taka til landbúnaðar, skógarhöggs eða fiskveiða, eins og skilgreint er í

gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, er valfrjálst. Aðildarríki sem æskja þess að leggja fram gögn um þessar atvinnugreinar skulu gera það í samræmi við þessa reglugerð. Með tilliti til aukins vægis persónulegrar umönnunar (umönnun á dvalarheimilum og félagsþjónustu án gístaðstöðu) til atvinnusköpunar eru aðildarríkin hvött til að senda gögn um laus störf í þess háttar þjónustustarfsemi.

Gögnin skulu flokkuð eftir atvinnustarfsemi í samræmi við gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins á bálkastigi.

3. Ákvörðun um það að hve miklu leyti opinber stjórnsýsla og varnarmál, lögboðnar almannatryggingar, mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta, listir, skemmtanir og tómstundastarf og starfsemi félagasamtaka, viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota og önnur persónuleg þjónustustarfsemi, samkvæmt skilgreiningum í gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, er innan gildissviðs þessarar reglugerðar og varðar rekstrareiningar með færri en 10 starfsmenn, skal tekin með tilliti til hagkvæmniathugananna sem um getur í 7. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Laust starf“: launuð staða sem er nýstofnuð, laus eða um það bil að losna:
 - a) og vinnuveitandinn er að gera ráðstafanir vegna hennar og er reiðubúinn til að grípa til fleiri ráðstafana til þess að finna viðeigandi umsækjanda annars staðar en í viðkomandi fyrirtæki og
 - b) sem vinnuveitandi hefur í hyggju að ráða í, annaðhvort samstundis eða innan tiltekinna tímamarka.

Hugtökin „ráðstafanir til þess að finna viðeigandi umsækjanda“ og „innan tiltekinna tímamarka“ skulu skilgreind með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni.

Í þeim hagtölum sem lagðar eru fram skal vera valfrjálst að gera greinarmun á því hvort um er að ræða laus störf og tímabundinn samning eða fastráðningu og föst störf,

2. „staða“: launað starf innan stofnunarinnar sem starfsmaður hefur verið ráðinn til,
3. „lýsigögn“: þær útskýringar sem eru nauðsynlegar til að túlka breytingar á gögnum sem annaðhvort má rekja til aðferðafræðilegra eða tæknilegra breytinga,
4. „gögn fyrir fyrri ár“: rannsóknarsöguleg gögn sem falla að lýsingunum í 1. gr.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtuð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

3. gr.

Viðmiðunardagsetningar og tækniforskriftir

1. Aðildarríki skulu taka saman ársfjórðungsgögnin með hliðsjón af sérstökum viðmiðunardagsetningum sem ákvarða skal með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð.

2. Aðildarríki skulu leggja fram gögn um fylltar stöður þannig að hægt sé að staðla gögn um laus störf til samanburðar.

3. Aðildarríki skulu gera árstíðabundnar leiðréttingar á heildarvísitölum um ársfjórðungsgögnin um laus störf. Málsmeðferð við árstíðabundnar leiðréttingar skal vera skilgreind í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

4. gr.

Heimildir

1. Aðildarríkin skulu afla gagnanna með fyrirtækjakönnunum. Nota má aðrar heimildir, s.s. stjórnsýslugögn, að því tilskildu að þær uppfylli gæðakröfurnar í 6. gr.

Tilgreina skal uppruna allra gagna sem lögð eru fram.

2. Aðildarríki mega bæta við heimildirnar, sem um getur í 1. mgr., með áreiðanlegum, tölfræðilegum matsaðferðum.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalagsins) getur komið á fót og samræmt úrtakskerfi Bandalagsins, til þess að vinna mat þar sem innlend úrtakskerfi uppfylla ekki kröfur Bandalagsins að því er varðar öflun ársfjórðungsgagna. Nákvæmni slíkra kerfa, samþykkt þeirra og framkvæmd skal tilgreind í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnsýslunni sem vísað er til í 3. mgr. 9. gr.

Aðildarríki geta tekið þátt í úrtakskerfi Bandalagsins þegar slík kerfi geta dregið verulega úr kostnaði við hagskýrslukerfin eða ef það minnkar fyrirhöfn fyrirtækja við að uppfylla kröfur Bandalagsins.

5. gr.

Gagnaflutningar

1. Aðildarríki skulu senda gögn og lýsigögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) með því sniði og innan þess skilafrests sem ákvarðað verður með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina. Dagsetning fyrsta viðmiðunarársfjórðungsins verður einnig ákvörðuð í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Allar leiðréttingar á ársfjórðungsgögnum vegna fyrri ársfjórðunga skal senda á sama tíma.

2. Aðildarríki skulu einnig við afhendingu fyrstu gagna senda gögn fyrir a.m.k. fjóra fyrri ársfjórðunga miðað við þann ársfjórðung sem gögn eru lögð fram fyrir. Niðurstöðutölum skal skilað eigi síðar en daginn sem fyrsta gangasendingin fer

fram og sundurliðuðum tölum eigi síðar en einu ári þar á eftir. Ef nauðsyn krefur má byggja gögn fyrir fyrri ár á „besta mati“.

6. gr.

Gæðamat

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðanir um gæðamat á þeim gögnum sem skilað er:

— „mikilvægi“: það að hve miklu leyti tölfræðilegar upplýsingar uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,

— „nákvæmni“: það hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum.

— „innan tímamarka“ og „á réttum tíma“: tímabilið milli tiltækileika upplýsinganna og atburðarins eða fyrirbærisins sem þær lýsa.

— „aðgengileiki“ og „skýrleiki“: skilyrði og tilhögun að því er varðar aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim,

— „samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila.

— „samfella“: það að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað.

3. Við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat, sem mælt er fyrir í 1. mgr., á þau gögn, sem þessi reglugerð tekur til, skal fara með tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal meta gæði gagna sem send eru.

7. gr.

Hagkvæmniathuganir

1. Framkvæmdastjórn (Hagstofa Evrópubandalaganna) setur viðeigandi ramma fyrir röð af hagkvæmniathugunum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Þessar athuganir skulu þau aðildarríki gera sem eiga erfitt með að afhenda gögn fyrir:

a) einingar með færri en 10 starfsmenn og/eða

b) eftirfarandi starfsemi:

i. opinbera stjórnsýslu og varnarmál; almannatryggingar,

ii. menntun;

- iii. heilbrigðis- og félagsþjónustu;
- iv. menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi og
- v. starfsemi félagasamtaka, viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota og önnur persónuleg þjónustustarfsemi.

2. Aðildarríki, sem gera hagkvæmniathuganir, skulu hvert um sig leggja fram niðurstöðuskýrslu þessara athugana innan 12 mánaða frá gildistöku framkvæmdaráðstafana framkvæmdarstjórnarinnar sem um getur í 1.mgr.

3. Eins fljótt og auðið er, þegar niðurstöður hagkvæmniathugananna liggja fyrir, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og innan skynsamlegs tímaramma, samþykkja ráðstafanir í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

4. Ráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við niðurstöður hagkvæmniathugana, skulu taka mið af grundvallarreglunni um kostnaðarhagkvæmni, eins og hún er skilgreind í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97, þ.m.t. að draga úr fyrirhöfn svarenda og skulu þær taka tillit til byrjunarörðugleika.

8. gr.

Fjármögnun

1. Fyrstu þrjú ár gagnaöflunarinnar geta aðildarríki fengið fjárstuðning frá Bandalaginu til að standa undir kostnaði við verkefnið.
2. Árlegar fjárveitingar vegna fjárframlagsins, sem um getur í 1. mgr., skulu fastsettar sem liður í árlegri fjárlagagerð.
3. Fjárveitingavaldið ákvarðar fjárveitinguna fyrir hvert ár.
4. Frekari fjármögnun kemur til álita vegna framkvæmdastarfs að því er varðar þær ráðstafanir sem samþykktar eru á grundvelli niðurstaðna hagkvæmniathugana.

9. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LENARČIČ

forseti.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

10. gr.

Skýrsla um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðan en 24. júní 2010 og síðan á þriggja ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd reglugerðar þessarar.

Í þeirri skýrsla skal meta gæði þeirra hagskýrslna sem aðildarríkin afhenda sem og gæði lykilstærða Evrópu ásamt því að tilgreina svið þar sem umbóta kann að vera þörf.

Aðildarríkin skulu, helst innan árs frá birtingu þriggja ára skýrslunnar, sem vísað er til í 1. mgr., gera grein fyrir því hvernig þau hyggjast takast á við þau svið sem hugsanlega þarfnast úrbóta og skilgreind eru í skýrslu framkvæmdarstjórnarinnar. Jafnframt skulu aðildarríkin skila skýrslu um stöðu á framkvæmd fyrir tilmæla.

11. gr.

Birting hagskýrslna

Hagskýrslurnar, sem aðildarríkin leggja fram, og greining á þeim, skulu birtar ársfjórðungslega á vefsíðu framkvæmdarstjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna). Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal sjá til þess að eins margir evrópskir ríkisborgarar og unnt er hafi aðgang að hagstölum og greiningum, einkum um vefgátt vinnumiðlunarnets Evrópu (EURES).

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.